

Almennar vinnureglur við ráðningar sumarstarfsfólks hjá Hafnarfjarðarbæ 2020

1. Almenn sumarstörf hjá Hafnarfjarðarbæ eru aðallega hugsuð sem sumaratvinna fyrir ungt fólk.
2. Almenn sumarstörf hjá Hafnarfjarðarbæ verða auglýst laus til umsóknar og allar umsóknir fari í gegnum rafrænt ráðningaform á vef Hafnarfjarðarbæjar. Hver umsækjandi getur sótt um fleiri en eitt starf. Hægt er að fá aðstoð við útfyllingu umsókna í Þjónustuveri Strandgötu 6 og í Vinnuskólanum Suðurgötu 14, Ungmennahúsinu Hamrinum þegar hann hefur störf í vor.
3. Sumarstörfin verði auglýst eigi síðar en 20. janúar og tekið verði við umsóknum frá 20. janúar til 15. mars árið 2020.
4. **Ekki verði tekið við umsóknum eftir að umsóknarfresti lýkur, nema frestur sé framlengdur.**
5. Ráðningartími fyrir flest störfin er um 6 - 8 vikur. Fyrir 17 ára er unnið í um 220 klst, 18 – 20 ára er unnið í um 238 klst og 21 árs og eldri starfa í um 264 klst.
6. Horft verði til umsagnar skv. matskerfi úr Vinnuskóla og / eða frá umhverfis og framkvæmdasviði við val á starfsfólki, þar sem við á. Fulltrúar Vinnuskólans og garðyrkjustjórans ráða sumarstarfsmenn og fulltrúar íþróttafélaga þá sem munu starfa þar. Áður en nýir starfsmenn eru ráðnir, sem ekki hafa unnið áður í sumarstarfi, skal fara fram ráðningarviðtal fyrir 18 ára og eldri.
7. Aldurstakmörk sem kynnt eru í upplýsingum um störf verði virt við ráðningar.
8. Öllum umsækjendum verður svarað með formlegum hætti í síðasta lagi í byrjun maí. Skrifstofa Vinnuskólans ber ábyrgð á því að svara umsækjendum.
9. Gerður verður ráðningasamningur við sumarstarfsmenn 18 ára og eldri sem ráðnir verða.
10. Vinnureglur við ráðningu sumarstarfsfólks hjá Hafnarfjarðarbæ taka mið af Mannauðsstefnu Hafnarfjarðarbæjar:
<https://www.hafnarfjordur.is/media/stjornsysla/MannauðsstefnaHafnarfjardarbaejar2016.pdf>